

Reykjavík, 6. júní 2018
R18060020
13056
HBL/dmh

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hátíðahöld í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands

Á fundi borgarstjórnar þann 5. júní 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að standa fyrir hátíðahöldum og dagskrá þann 1. desember nk. í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Skólar, menningarstofnanir auk annarra stofnanna vinni að dagskránni í sameiningu og móti tillögur um hvernig þessara tímamóta verði minnst á sómasamlegan hátt. Menningar- og ferðamálasviði og skóla- og frístundasviði verði falið að leiða vinnuna.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.